

Nd.

242. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og á lögum um breyting á þeim lögum, nr. 35, 3. nóv. 1915.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Aftan við 1. málsg. í 2. gr. laga nr. 39, 11. júlí 1911, breytta samkvæmt lögum nr. 35, 3. nóv. 1915, bætist:

Auk þessa styrks fá sjúkrasamlögin endurgoldinn úr landssjóði fjórðung sjúkrahússkostnaðar, þó ekki meira en 75 aura á hvern samlagsmann, miðað við meðaltal samlagsmanna á árinu.

2. gr.

Aftan við 1. málsgrein 5. töluliðs í 3. gr. sömu laga bætist:

Þó skal fjelagi jafnan greiða sjálfur lyf þau að fjórðungi, er hann fær í heimahúsum eða utan sjúkrahúss.

3. gr.

Ákvæði það um Sjúkrasamlag prentara í Reykjavík, er með 2. gr. laga nr. 35, 3. nóv. 1915, er bætt aftan við 3. gr. 2 c í lögum nr. 39, 11. júlí 1911, fellur burtu.

4. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal færa breytingar þær og viðauka, sem ræðir um í þeim og í lögum nr. 35, 3. nóv. 1915, inn í texta laga um sjúkrasamlög nr. 39, 11. júlí 1911.